



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Samþykkt af skipulags-
og byggingarfulltrúa.

- 8. júlí 2014

Þjónn Jónkjál
skipulags- og byggingarfulltrúi

Framkvæmdaleyfi fyrir 100 MW_e virkjunaráfanga Þeistareykjavirkjunar í Þingeyjarsveit.

Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar samþykkti þann 15. maí 2014 erindi frá Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar, þar sem hann sækir um f.h. Landsvirkjunar framkvæmdaleyfi til handa Landsvirkjunar fyrir framkvæmdum við 100 MW_e virkjunaráfanga Þeistareykjavirkjunar í Þingeyjarsveit skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsóknin tekur til allra leyfisskyldra framkvæmda sem ekki eru byggingarleyfisskyldar og ekki hefur verið sótt um áður. Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar staðfesti afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar þann 22. maí 2014.

Fylgigögn með framkvæmdaleyfisumsókn:

Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi dagsett 29. apríl 2014. (m.s.br.)

Orkustofnun – Nýtingarleyfi á jarðhita á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit, dagsett 28. mars 2014.

Orkustofnun – Nýtingarleyfi á grunnvatni á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit, dagsett 25. mars 2014.

Við afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar var óskað eftir því að sérstaklega yrði gerð grein fyrir eftirfarandi þáttum:

„Nefndin leggur áherslu á að gerð verði grein fyrir staðsetningu og frágangi á umferðarleiðum, sem þvera gufulagnir, fyrir búfé og þá sem nýta sér svæðið til útivistar. Einnig leggur nefndin áherslu á að lagnirnar verði merktar til að fyrirbyggja slyshættu vegna vetrarumferðar.“

Umsækjandi varð við þessum tilmælum nefndarinnar og er gerð nánari grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum í fylgigögnum með framkvæmdaleyfisumsókn.

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulínu frá Kröflu og Þeisteykjum að Bakka, umhverfismats allt að 200 MW_e jarðhitavirkjunar á Þeistareykjum, Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2010-2022 og deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar.

Samkvæmt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 24. nóvember 2010 telur hún að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði:

1. Þeistareykir ehf. þurfa að leggja safnæðalagnir, er kunna að verða lagðar niður úr Bóndhólsskarði og lagnir vestan bæjarstæðisins á Þeistareykjum, í jörðu.
2. Þeistareykir ehf. þurfa, í samráði við Orkustofnun og Umhverfisstofnun, að gera áætlun um vöktun breytinga á yfirborðsvirkni og þurfa athuganir samkvæmt henni að hefjast sem fyrst. Niðurstöður verði kynntar leyfisveitendum árlega.
3. Þeistareykir ehf. þurfa á framkvæmdatíma að afmarka búsvæði tegunda á valista og votlendi undir Ketilfjalli.

Framkvæmdaleyfi er veitt skv. framlögðum gögnum og þeim gögnum sem vísað er til og eru þau jafnframt fylgigögn með framkvæmdaleyfinu með þeim fyrirvörum sem þar koma fram.

Framkvæmdaleyfið er ótímabundið en miðast við framkvæmdatíma hinnar leyfisskyldu framkvæmdar en fellur úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

Framkvæmdaleyfið er gefið út í tveimur eintökum og skal það vera aðgengilegt eftirlitsaðilum á framkvæmdastað.

Samið hefur verið um greiðslu framkvæmdaleyfisgjalds að upphæð kr. 357.100.-. Framkvæmdaleyfisgjald verður innheimt með útsendum greiðsluseðli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar hefur í umboði sveitarstjórnar reglulegt eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og að þær séu í í samræmi við útgefin leyfi.

Laugum, Þingeyjarsveit, 8. júlí 2014,
f.h. Þingeyjarsveitar



Bjarni Reykjalin
Bjarni Reykjalin

Framkvæmdaleyfi er gefið út skv. 13. – 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Leyfishafa ber að kynna sér samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrir efnistöku vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 gilda einnig um starfsemina.